

Tölvupóstur dags 14. febrúar 2017 frá Valdimar Svaravarssyni, varaformaður knattspyrnudeildar FH og foreldri tveggja iökenda í FH til bæjarstjóra og bæjarfulltrúa.

**From:** [valdimar@jibbi.com](mailto:valdimar@jibbi.com) [mailto:[valdimar@jibbi.com](mailto:valdimar@jibbi.com)]

**Sent:** þriðjudagur, 14. febrúar 2017 15:47

**To:** [addamaria@hafnafjordur.is](mailto:addamaria@hafnafjordur.is); Einar Birkir Einarsson <[einarbirkir@hafnafjordur.is](mailto:einarbirkir@hafnafjordur.is)>; [elvak@hafnafjordur.is](mailto:elvak@hafnafjordur.is); Guðlaug Kristjánsdóttir <[gudlaugk@hafnafjordur.is](mailto:gudlaugk@hafnafjordur.is)>; Gunnar Axel Axelsson <[gunnaraxel@hafnafjordur.is](mailto:gunnaraxel@hafnafjordur.is)>; Helga Ingólfssdóttir <[helgai@hafnafjordur.is](mailto:helgai@hafnafjordur.is)>; Margrét Gaua Magnúsdóttir <[mgm@hafnafjordur.is](mailto:mgm@hafnafjordur.is)>; Ólafur Ingi Tómasson <[olafuringi@hafnafjordur.is](mailto:olafuringi@hafnafjordur.is)>; Rósa Guðbjartsdóttir <[rosa@hafnafjordur.is](mailto:rosa@hafnafjordur.is)>; Unnur Lára Bryde <[unnurlara@hafnafjordur.is](mailto:unnurlara@hafnafjordur.is)>; Haraldur Líndal Haraldsson <[hlh@hafnafjordur.is](mailto:hlh@hafnafjordur.is)>; Kristinn Andersen <[kristinna@hafnafjordur.is](mailto:kristinna@hafnafjordur.is)>

**Cc:** [vidar@fh.is](mailto:vidar@fh.is); Gunnlaugur Sveinsson <[Gunnlaugur.Sveinsson@landsbankinn.is](mailto:Gunnlaugur.Sveinsson@landsbankinn.is)>; [gustaf@parki.is](mailto:gustaf@parki.is); jr <[jr@salti.is](mailto:jr@salti.is)>; [benedikt.olgeirsson@gmail.com](mailto:benedikt.olgeirsson@gmail.com)

**Subject:** Vegna aðstöðu Knattspyrnudeildar FH og samninga við Hafnarfjarðarbæ

## Bæjarstjóri og kæru bæjarfulltrúar

Síðastliðin ár hefur stjórn Knattspyrnudeildar og aðalstjórn FH unnið að áætlunum, hönnun og framkvæmdum til þess að leysa þann gríðarlega vanda sem skapast hefur vegna mikillar fjölgunar iökenda knattspyrnudeildarinnar og góðs árangurs félagsins almennt.

Í dag eru um 1000 iökendur hjá knattspyrnudeild FH allt frá 8. Flokki og uppí meistaraflokk. Meistaraflokkar karla og kvenna spila í Pepsídeild, Meistaraflokkur karla er íslandsmeistari og hefur orðið íslandsmeistari 8 sinnum á síðustu 12 árum. Á síðasta ári þá átti FH 8 lið sem urðu íslandsmeistarar.

Það er ekki vandamál deildarinnar að ná árangri á vellinum heldur hafa vandamálin síðustu ár fyrst og fremst tengst aðstöðuleysi og hefur gríðarleg aukning síðustu ára kallað á mikla vinnu, mikið skipulag og mikið álag á deildina, starfsmenn, þjálfara, iökendur og forráðamenn sem hafa þurft að púsla saman æfingatöflum og leikjum þannig að allt gangi upp.

Í nokkur ár þá hefur FH ekki getað og mátt leika neina heimaleiki yfir vetrartímann og allt fram í júní vegna aðstöðuleysis. Félagið hefur ekki yfir að ráða lögglegum keppnisvelli fyrir 11 manna fótbalta frá október til c.a. loka maí. Þetta eitt og sér er mjög alvarlegt og erfitt mál fyrir félagið því félagið hefur þurft að keppa alla leiki í keppnum á þessu tíma árs á völlum annarra félaga. Þar höfum við átt gott samstarf við vini okkar á Álfanesi, Kópavogi, Garðabæ og ekki síst Haukana á Ásvöllum til þess að redda málum. Það hefur oft á tíðum verið mjög flókið og ekki gengið á takalaust en sem betur fer hefur félagið náð að halda sér inní öllum keppnum hingað til.

Með þessu er þó ekki öll sagan sögð því þetta aðstöðuleysi kemur okkur ekki eingöngu illa varðandi keppni heldur líka varðandi æfingar. Og kannski aðallega þar. Uppbygging kanttsprnuaðstöðu hefur tekið nokkurn tíma og hafa skrefin verið nokkur en hæg og lítil.

1998 er sett gervigras í Krikanum sem hefur ekki verið endurnýjað síðan og árið 2004 ræðst félagið í byggingu Risans og var það gott skref og framsýnt á þeim tíma og ljóst er að í framhaldi af byggingu hússins varð mikil framför hjá félaginu og ekki síður varð þetta grunnur að þeirri miklu fjölgun iökenda sem orðið hefur. Á þeim tíma voru á milli 350 og 400 iökendur hjá knattspyrnudeild FH en

eru nú orðnir um 1000. Gerður var samningur við Hafnarfjarðarbæ um kaup á tímum í húsinu en félagið er eigandi hússins.

Frá árinu 2010 hefur félagið lagt mikla vinnu og fjármuni í skipulag, hönnun og undirbúning þess að geta boðið ásættanlega aðstöðu fyrir okkar iðkendur. Svæðið hefur verið skipulagt og næstum hver fermetur nýttur í því skipulagi til þess að koma aðstöðu fyrir og ná sem mestu útúr svæðinu til framtíðar. Í ljósi þeirrar reynslu sem er í félaginu og þeim kröfum sem gerðar eru til aðstöðu til íþróttaiðkunar í dag þá teljum við að sú vinna hafi skilað góðu skipulagi sem liggur nú fyrir sem samþykkt deiliskipulag fyrir svæðið og hefur það verið öllum ljóst að samkvæmt því hefur félagið unnið og mun félagið vinna næstu árin. Árið 2014 var svo Dvergurinn tekinn í notkun en það er mjög hentugt hús til æfinga, sérstaklega fyrir okkar yngstu iðkendur þar sem smá hiti er í húsinu. Það hefur hjálpað til við aðstöðuna en hefur engan vegin leyst það vandamál sem við eignum við að etja enda má ekki gleyma því að öll þessi uppbygging er hluti af því skipulagi og þeirri áætlum sem stjórnendur félagsins í samvinnu við iðkendur og vonandi Hafnarfjárðarbær hafa unnið eftir.

Það hefur alltaf verið ljóst að næsta skref í uppbyggingunni er endurskipulag eftir svæðisins og samkvæmt samþykktu deiliskipulagi þá mun þar verða komið fyrir tveimur grasæfingavöllum og svo einu yfirbyggðu húsi í fullri stærð með gervigrasi.

Félagið hefur frá 2004 séð sjálft um uppbyggingu þeirrar aðstöðu sem byggð hefur verið, þ.e. Risann og Dverginn og hefur það á áætlun að byggja einnig stóra húsið með yfirbyggða gervigrasini. Það hefur að sjálfsögðu verið gert í samvinnu við og með samningum við Hafnarfjarðarbæ þar sem það á við og hefur það samstrarf verið með ágætum í gegnum árin og hefur m.a. skipulagið við unnið með bænum og í samræmi við aðra uppbyggingu mannvirkja á svæðinu og rekstur þeirra.

Samstarfið við bæinn hefur verið í formi samnings um Risann og rekstur hans en hann er í raun settur upp sem kaup á um 1400 tímum af félaginu á ári vegna iðkenda knattspyrnu hjá félaginu.

Heildarfjöldi tíma sem félagið býður iðkendum sínum á ári eru aftur á móti um 5300 en segja má að félagið standi sjálft undir því að útvega stóran hluta þeirra tíma sem útaf standa.

Í nokkuð langan tíma hefur félagið og bæjarfélagið átt í viðræðum um aðkomu bæjarins að aðstöðumálum félagsins og frekari uppbyggingu aðstöðu á svæðinu. Það hefur allan tíman verið ljóst frá hendi félagsins að nauðsynlegt er að ráða bót á aðstöðuleysi félagsins og hafa okkar viðræður gengið útá það.

Fyrir um mánuði síðan þá töldu stjórnendur félagsins að samningar þar um væru að nást þegar samþykkt var í bæjarráði að vísa samningi sem gengið hafði á milli aðila til samþykktar í bæjarstjórn. Eins og flestir vita gengur hann útá að bærinn eignist um 55% í knatthúsum félagsins, andvirðið fari til greiðslu skulda vegna uppbyggingarinnar og gerður verði rekstrarsamningur um rekstur húsanna til framtíðar.

Það sem ekki var tekið á í samningnum en félagið telur hluta af málinu og töldum við alla hlutaðeigandi vera sammála um væri hvernig væri svo haldið áfram við uppbygginguna því svo það sé sagt þá breyta kaup bæjarins á hlut í knatthúsum félagsins engu um aðstöðumál iðkenda knattspyrnudeildar FH. En svo það sé áréttið þá er það það sem skiptir iðkendur og félagið mestu mali.

Kaup bæjarins voru að okkar mati fyrst og fremst hugsuð til þess að setja samstarf bæjarins og félagsins um uppbyggingu mannvirkja í svipað form og með flest önnur mannvirki á svæðinu, þ.e. að þau séu í eigu beggja aðila. Það er einnig gert til þess að róa raddir um það að eignir sem þessar eigi að vera í eigu bæjarins en ekki einkaaðila.

Þar er einnig um stóran misskilning sem hefur einhverra hluta vegna verið lífseigur um að húsin séu í eigu einhverra einkaaðila en það hefur aldrei verið og mun ekki verða því húsin eru í eigu FH og FH er félag sem skilar ekki hagnaði eða arði til einhverra aðila útí bæ heldur notar fjármuni sína til uppbryggingar aðstöðu, veitir þjónustu í rekstri deilda félagsins, greiðir fyrir þjálfun og berst fyrir því að ná sem mestum tekjum inn til þess að enn megi efla innra starf félagsins.

Þessi kaup eru ekki hugsuð til þess að bjarga fjárhagsstöðu FH eða til þess að losa um skuldir eins og einhverjir hafa látið í veðri vaka því fjárhagsstaða félagsins er sterk og er félagið í fullum skilum við lánadrottna um lán vegna þessarar uppbryggingar. Þess er þó vert að geta að hluti af því sem félagið hefur verið að þróa og byggja upp síðustu árin varðandi aðstöðuna miðast við að létta kostnað og þörf fyrir tekjur frá t.d. bænum með því að ná tekjum inn með leigu á aðstöðu í húsum félagsins en mikil eftirspurn er eftir aðstöðu til kanttspyrnuiðkunar. T.d. má nefna að í samtölum við forsvarsmenn Breiðabliks nú um helgina kom fram að Breiðablik er að leigja tíma í húsum og á völlum einstaklinga, annarra félaga og sveitarfélaga uppá um 5 milljónir á ári. Önnur félög eru á sama hátt að gera þetta. Viðskiptamódel FH ef hægt er að nefna það svo gengur útá það að með samnýtingu á milli húsana verður hægt að losa um verðmæta tíma sem hægt er að leigja út til annarra félaga og samtaka og skapa þannig tekjur sem standa undir afborgunum og vöxtum lána og gott betur af hluta húsanna. Þannig minnkar þörf á frekari framlögum annarsstaðar frá svo um munar.

Dæmi um það má nefna að ef 1 tími er laus í hverju húsi þá er hægt að leigja hann á u.b.b. 70þúsund samtals. Það þýðir að ef hægt er að leigja út húsin í 3-5 tíma á dag þá eru það um 90 -150 tímar á mánuði. Það skilar um 6,3-10 milljónum á mánuði og gerum við ráð fyrir að hægt sé að leigja húsin í 7-8 mánuði á ári sem skilar þá 44 -74 milljónum á ári. M.v. varfærna áætlun. Til samanburðar þá er samningur við bæinn vegna Risans um 28 milljónir á ári. Ef farið verður í gervigras þá skilar það ekki tekjum sem þessum og við getum fullyrt að eftirspurn er eftir tínum í þessum húsum.

Stjórnendur félagsins stóðu í þeirri meiningu að samstaða væri um það í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að vinna samkvæmt þeim plönum sem lögð hafa verið fram í framhaldi af samningi við bæinn um Risann og Dverginn. Við byggjum það á því að fyrir áramót var sampykkt að veita um 135 milljónir í gervigras sem við höfum alltaf gengið útfrá að yrði í yfirbyggðu húsi sem félagið myndi byggja og að bærinn legði fram sem næmi kostnaði við gervigrasið og fengi eignarhlut sem því næmi.

Ef bærinn vill halda sig við að leggja gervigras þá er það nokkuð ljóst að kostnaður við að leggja það og gera það nothæft til iðkunar á þeim tínum árs sem þarf er líklega nokkuð meiri en það sem áætlað hefur verið. Eftir samtal í gær við forstumann Fylkis þá er áætlun þeirra að koma upp velli sem er verið að breyta úr grasvelli í gervigras áætlaður um 260-300 milljónir með lýsingu og þessháttar. Ef það er raunkostnaðurinn þá er það að mínu mati engan veginn forsvaranlegt að fara í þá framkvæmd í stað þess að FH myndi bæta við 250-300 milljónum til að byggja yfirbyggt hús með framangreindum tekjumöguleikum.

### Hvað gerum við nú?

Okkur er öllum vandi á herðum því staðan sem er uppi núna er nokkuð erfið. Ég tel það litlum hagsmunum þjóna að keyra núverandi samning um kaup á 55% hlut í húsunum í gegnum bæjarstjórn ef félagið er að rekast á pólitískan vegg sem hamrar frekari áætlunum um að bæta aðstöðu. Ég ítreka það að samningurinn einn og sér bætir á engann hátt aðstöðu fyrir iðkendur. Sérstaklega ef það er í berhögg við það sem áralangar áætlanir og vinnu sem unnin hefur verið af forstu félagsins í samvinnu við skipulagsfirvöld og bæinn sem miðar að hagkvæmustu lausn og bestu fyrir iðkendur félagsins og framgang og skynsamlega nýtingu svæðisins.

Því má velta nokkrum möguleikum upp

1. Halda sig við núverandi samningsdrög og halda svo áfram með uppbyggingu húss og gervigras m.v. áætlanir sem lagt hefur verið upp með.
2. sleppa kaupum á grundvelli núverandi samnings, setja féð og eyrnamerkta fjármuni í uppbyggingu á nýju húsi og bærinn fái þannig eignarhlut í öllum húsum í samræmi við framlag.
3. Halda samnig um Risa óbreyttum, gera rekstrarsamning um Dverg og fara í sameiginlega vinnu um nýtt gervigras inni í nýju húsi. Það mætti þá koma eignaraðild á móti.
4. Gera ekki neitt, allir verði fúlir útí hvorn annan og iðkendur munu fá minni þjónustu og enga lausn á aðstöðu til iðkunar knattspyrnu í Krikanum.

Það er ykkar og okkar að velja en það verður bara að ákveða þetta strax og fara að vinna eftir því.

Ef það hentar bænum þá gætum við boðið það að við óskum eftir frekari frestun á samþykkt samnings milli funda og gefum okkur þannig lokafrest til að leysa málið en það verður þá í síðasta sinn því núverandi óvissuástand er óviðunandi fyrir alla og munu iðkendur og forráðamenn ekki verða sáttir ef enn og aftur ekkert gerist. Það að taka málið af dagskrá bæjarstjórnar eða vísa því frá á þessum punkti er uppgjöf og vanvirðing við þá vinnu sem búið er að vinna og kemur því á byrjunarreit aftur.

Ef það hjálpar er undirritaður og hverjur þeir sem þið viljið heyra í útaf málinu tilbúnir til að hitta ykkur á fundi og fara í að leysa málið en það þarf að gerast hratt og vel.

#### **Gleymum samt ekki þessu:**

1000 iðkendur hjá KND FH og aðstaðan löngu sprungin

Samningur um kaup á Risa og Dverg breytir engu þar um einn sér.

Fjárhagsstaða félagsins er góð og allt í skilum

Eigið fé FH um 1300 milljónir

Það eru iðkendur, börnin í bænum sem þurfa aðstöðu til knattspyrnu iðkunar.

Þetta snýst ekki um afreksstarf eða Meistaraflokk.

Þetta snýst fyrst og fremst um aðstöðu fyrir tæplega 1000, 5-16 ára börn.

#### **Hlakka til að heyra í ykkur**

#### **Valdimar Svavarsson**

Varaformaður knattspyrnudeildar FH og foreldri tveggja iðkenda í FH